

Sæbýli
Búðarstíg
820 Eyrarbakki

Reykjavík, 19. apríl 2021
Tilvísun: 202101017 / 2.8.2

Efni: Svar við fyrirspurn

Vísað er til erindis Sæbýlis ehf dags. 19. apríl 2021 þar sem óskað er eftir afstöðu Skipulagsstofnunar til þess hvort að framleiðsla á sæeyrnaungviði í húsnæði fyrirtækisins í Grindavík sé matsskyld framkvæmd. Fram kemur að sæeyrun sem Sæbýli er með í eldi séu sæsniglar af tegundinni *haliotis discus hannai* ættaðir frá Japan og *haliotis rufescens* ættaðir frá Kaliforníu. Stærð eldisstöðvar verður undir 200 tonnum, húsrýmið leyfir 190 tonna eldi og verður allt að 90% af eldisvökva endurnýttur á sólarhring en 190 tonna eldi þarf u.þ.b 10 lítra á sekúndu og hefur þegar verið borað eftir ferskum sjó við húsvegginn. Eldisvökvinn er hreinsaður í uppstreymissíu sem tekur bæði grugg og breytir amoníaki yfir í nitriti og nitriti síðan yfir í nítrat. Fram kemur að viðtaki fyrir frárennsli sé opið Atlandshafið.

Í september árið 2017 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um allt að 70 tonna eldi á sæeyrum í húsnæði Sæbýlis á Eyrarbakka og var niðurstaða stofnunarinnar sú að sú framkvæmd hafi ekki verið matsskyld. Þessi ákvörðun var tekin á grundvelli tl. 1.12 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og var því svokölluð C-flokks framkvæmd. Við nánari skoðun Skipulagsstofnunar er það niðurstaða stofnunarinnar að starfsemi sem felur í sér eldi á sæeyrum falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin á Eyrarbakka árið 2017 var tilkynnt á grundvelli fyrrnefnds töluliðar 1.12: " Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn".

Skipulagsstofnun telur hins vegar að þar sem ekki er um að ræða eldi á fiski þá eigi töluliðurinn ekki við og ekk fæst séð að aðrir töluliðir eigi við um starfsemina en til dæmis þá er vatnsnotkun minniháttar og því fellur framkvæmdin ekki undir töluliði sem taka á vinnslu grunnvatns.

Jakob Gunnarsson